

**S é r a t k v æ ð i**  
**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og**  
**Guðrúnar Erlendsdóttur.**

Það er ekki véfengt að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt í héraði. Við teljum að hann megi ekki nú koma að vörnum þeim sem hann byggir á, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973, en þeim átti hann kost á að koma að í héraði, og beri að dæma mál þetta að efni til. Þar sem meirihluti dómara hefur komist að annarri niðurstöðu er ekki ástæða til að við fjöllum frekar um málið.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 339/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
 gegn

**X**

(Jón Oddsson hrl.)

Skírlífisbrot. Sönnun. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1987 að ósk ákærða og einnig af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar refsingu.

Ákæruliður I:

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara að virða allt athæfi ákærða samkvæmt þessum lið sem brotaheild. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands frá 24. ágúst 1987 flutti fjölskyldan að ... 1978. Í ljós þykir leitt að ákærði lét ekki af athæfi sínu samkvæmt þessum

ákærulið fyrr en á því ári. Rannsókn brotsins hjá rannsóknar-  
lögreglu ríkisins hófst 16. október 1986. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr.  
81. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981 og  
4. mgr. 82. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981 er brot hans  
ekki fyrnt. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýj-  
aða dóm að því er þennan ákærulið varðar.

Ákæruliðir II, III og IV:

Staðfesta ber héraðsdóm að því er þessa ákæruliði varðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex  
mánuði. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá  
17. október til 31. október 1986.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma  
ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í  
dómsorði.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með tal-  
in saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnar-  
laun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlög-  
manns, 50.000,00 krónur.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Dómarinn er sammála meirihluta dómsins að því er varðar  
ákæruliði I og III og niðurstöðu.

Ákæruliðir II og IV:

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Aðalsteinn Sigfússon sálfræð-  
ingur, sem ræddi við börnin hvort um sig um athæfi föðurins við  
þau, hefur staðfest framlagt vottorð sitt fyrir dómi og í eiðsvörnum  
framburði talið frásögn barnanna afar trúverðuga og útilokað að  
þau hafi spunnið upp frásagnir sínar. Helga Jóhannesdóttir félags-  
ráðgjafi, sem sérstaklega hafði með börnin að gera, er þau voru  
vistuð á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar á vist-  
heimilinu að Dalbraut, og viðstödd var er lögreglukonan Dóra Hlín

Ingólfsdóttir tók skýrslur af börnunum, hefur fyrir dómi skýrt svo frá og unnið eið að þeim framburði, að hún líti svo á að börnin hafi skýrt frá eigin reynslu og að frásögn þeirra hafi verið trúverðug. Þá sagði hún að börnin hefðu áður verið búin að skýra sér frá því sama.

Framburðir barnanna, eins og þeir koma fram í tilvitnuðu vottorði og tilvitnaðri skýrslu, eru skilmerkilegir. Þegar virt er mat hins sérhæfða starfsfólks á framburðum barnanna og að ákærði hefur orðið sannur að sams konar athæfi gagnvart dóttur sinni A verður að telja, þrátt fyrir eindregna neitun ákærða, að nægar sönnur séu fram komnar fyrir sekt hans samkvæmt þessum ákæruliðum. Rétt bykir að heimfæra brot hans samkvæmt þessum ákæruliðum til sömu refsíákvæða og brot samkvæmt I. ákærulið.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1987.

Ár 1987, föstudaginn 30. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 605/1987: Ákærvaldið gegn X, sem dómtekið var 28. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. ágúst 1987 á hendur X verkamanni, ... í Reykjavík, fæddum ... 1943, „fyrir eftirtalin sifskapar- og skirlífisbrot:

#### I.

Allt frá árinu 1971 og fram til ársins 1981 á heimili sínu, fyrst að ... og síðan að ... í Reykjavík, margsinnis haft kynferðismök við dóttur sína A, fædda ... 1965, með því að setja getnaðarlim sinn við kynfæri hennar eða rass og viðhafa samfarahreyfingar svo að honum varð sáðfall.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### II.

Á árunum 1984/1985 í tvö skipti á heimili sínu að ..., Reykjavík, haft kynferðismök við dóttur sína B, fædda ... 1978, þegar hún var 6 ára, með því að setja getnaðarlim sinn við læri hennar og viðhafa samfarahreyfingar.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna.

#### III.

Í byrjun október 1986 á heimili sínu að ... haft samræði við nefnda dóttur sína B svo að meyjarhaft hennar rofnaði og honum varð sáðfall.

Telst þetta varða við 190. gr. og 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna.

#### IV.

Allt frá árinu 1985 og fram á haust 1986 á heimili sínu að ... margsinnis haft kynferðismök við son sinn C, fæddan ... 1980, með því að fara höndum um kynfæri drengsins, setja getnaðarlim sinn milli læra hans og viðhafa samfarahreyfingar þar til ákærða varð sáðfall.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., og 203. gr. hegningarlaganna.

Öll framanlýst brot ákærða teljast ennfremur varða við 45. gr. og 47. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

#### V.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

#### *Málavextir.*

I. Ákærði hefur viðurkennt að hafa frá því á árinu 1971 viðhaft kynferðismök við dóttur sína A, sem fædd er ... 1965. Hafi mökin farið fram á heimili fjölskyldunnar, ..., fram á árið 1978, en 1. febrúar það ár flutti fjölskyldan á ... Segir ákærði að hann hafi haft mök við barnið einu sinni til tvisvar í viku að jafnaði, en þó hafi komið fyrir að lengra liði á milli. Eftir að þau fluttu á ... hafi dregið mjög úr mökunum og kveðst ákærði aðeins muna eftir tveimur tilvikum á fyrstu tveimur mánuðum eftir að þau fluttu þangað. Mökin hafi farið þannig fram í öll skiptin utan eitt, að barnið lá á grúfu og ákærði lagði liminn í rasskoruna og nuddaði honum við endaparmsopið, þar til hann fékk fullnægingu. Í þetta eina skipti lá barnið á bakinu og lá þá limur ákærða á milli læra barnsins og upp á kviðinn.

Vitnið A hefur greint frá því að faðir hennar hafi byrjað á því að þukla á henni þegar hún var 6 ára gömul. Hafi hann svo haft mök við hana með því að leggjast nakinn ofan á hana og fá sáðfall. Hafi hún fyrst í stað legið á bakinu en síðar á grúfu. Þegar hún lá á bakinu hafi faðir hennar nuddað lim sínum við lífbeinið en þegar hún lá á grúfu hafi limurinn nuddast í rasskorunni. Vitnið kveðst halda að í eitt skipti hafi blætt úr kynfærum hennar en kveðst ekki muna með vissu hvort limurinn fór nokkurn tíma inn í þau. Mökin hafi ýmist átt sér stað í herbergi vitnisins eða á baðherberginu. Vitninu „finnst, að það geti verið tvö og hálf ár síðan“ ákærði hafði síðast mök við hana (skýrsla 17. október 1986), en þorir „ekki að fullyrða hvort“ hún „hafi verið orðin eldri en þrettán ára þegar hann hætti þessu“.

Telja verður sannað með játningu ákærða og framburði dóttur hans,

vitnisins A, að ákærði hafi reglulega haft við hana kynferðismök, önnur en samræði, að jafnaði einu sinni til tvisvar í viku, á heimili þeirra, fyrst á ... frá því á árinu 1971 en síðar tvisvar á ... í febrúar og/eða mars 1978.

Hefur ákærði með þessu athæfi sínu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga en 45. og 47. gr. laga um vernd barna og ungmenna þykja ekki eiga við um brotin.

Þegar haft er í huga að ákærði hafði reglulega mök við barnið einu sinni til tvisvar í viku og að hún bjó á heimili hans og var þar algerlega á valdi hans þykir verða að virða öll tilvikin sem brotaheild.

II. Ákærði hefur frá upphafi harðneitað að hafa haft nokkur kynferðismök við börn sín B, sem fædd er ... 1978, og C, sem fæddur er ... 1980. Telur hann frásögn barnanna um þetta (sbr. hér á eftir) vera runna undan rifjum Aðalsteins Sigfússonar, sálfræðings hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, sem spurt hafi börnin leiðandi spurninga.

Samkvæmt vottorði og eiðfestum framburði sálfræðingsins ræddi hann við börnin einu sinni hvort um sig um sakarefni málsins. Var það 16. október í fyrra en áður hafði sálfræðingurinn hitt börnin þrisvar sinnum til þess að kynna þeim og vinna traust þeirra.

Vottorð sálfræðingsins hljóðar svo m.a.:

„Undirritaður hitti börnin á skrifstofu í 4 skipti. Bæði börnin lýstu ofbeldiskenndu andrúmslofti inn á heimili, sérstaklega kom fram líkamlegt ofbeldi gagnvart A og á nokkuð óljósari hátt gagnvart ... Í 4. viðtalinu kom skýrt fram hjá báðum börnunum að um gróft kynferðislegt ofbeldi væri að ræða gagnvart þeim af völdum X föður þeirra. Í athugun var báðum börnunum umhugað að undirritaður segði ekki móður þeirra frá þessu. Lýsti drengurinn aðferðum föður, sem virðast felast í því að hann nuddi lim sínum milli læra drengsins, og stað, en samkvæmt drengnum mun þetta hafa farið fram bæði á baðherbergi og í hjónarúmi. Drengurinn er fyrst og fremst upptekinn af þeirri leynd sem hvílir yfir þessu gagnvart móður en nokkurs óryggis gætir hjá drengnum gagnvart móður vegna vanmáttar hennar að stöðva föður. Drengurinn biður undirritaðan að banna föður þessa hegðun, en eftir hik ákveður hann að gera það sjálfur.

Þegar drengurinn skýrir frá þessu á hann nokkuð erfitt með það í byrjun en síðan kemur þetta fram hjá honum á tiltölulega auðveldan hátt enda hefur hann farið fram á það í tvígang að undirritaður segi mömmu ekki frá þessu. Drengurinn upplifir jákvæðar tilfinningar til móður og föður, en svo virðist sem hann treysti móður sinni ekki alveg, enda hefur hún ekki getað stöðvað þá hegðun sem faðir hefur í frammi gagnvart honum.

B átti nokkuð erfitt með að ræða kynferðishegðun föður gagnvart henni. Í fyrstu tjáir hún undirrituðum að það sem pabbi geri við hana sé óþægilegt og sé „leyndó“ milli hennar, pabba og C. Hún segir hann koma við læri

hennar og sé góður við hana á eftir, gefi henni m.a. pening. Hún talar um herbergi sitt sem leynistað hennar og pabba. B segir að mamma komi ekki inn í herbergið þó hún sé heima og þó ekki sé læst heldur. Hún lýsir því að hún og pabbi liggi á hlið, hann upp við hana að aftan og nuddi tippinu við hana. Hún segir að hann hlusti ekki á hana að þetta sé leiðinlegt og hún vilji að hann hætti en segir svo að hann hætti einhvern tímann en hún viti ekki hvenær. Aðspurð hvað móðir myndi segja ef hún vissi af þessu segir hún að hún myndi ekki segja neitt, en samt sé það leyndó. Segir hún að þetta gerist bæði á morgnana, daginn og kvöldin.

Þá segir hún að pabbi sé góður við sig, hún sé aldrei hrædd við hann. Einnig kemur fram að hún og C tala aldrei um þetta sín á milli en viti hvort af öðru. Þá kemur einnig fram að það sem kemur frá pabba sé klístrugt, heitt og gult en að hann þurrki það upp með pappír á eftir. Aðspurð um það hvort pabbi hafi einhvern tímann ýtt tippinu inn í píuna segir hún að svo sé. Lýsir hún því hvernig hún hafi legið á bakinu þegar pabbi gerði það, en þá hafi þetta gula samt farið á lærið. Hún segir að þetta hafi verið sárt, en hún hafi ekki farið að gráta. Óspurð segir hún að pabba þyki betra að nota lærið en píuna.

Vitsmuna- og félagsþroski er eðlilegur svo og hreyfingur og málþroski. Undirrituðum gafst ekki tækifæri til að halda áfram þessari athugun með tilliti til andlegrar líðanar þeirra, en þó er undirrituðum ljóst að bæði börnin hafa alist upp við óeðlilegar kringumstæður á heimili og slíkt hefur án efa haft skaðvænleg áhrif á börnin. Þetta er þó erfitt að meta, þar sem börnin fóru strax þann 17.10. inn á Vistheimili barna við Dalbraut og áttu í miklum erfiðleikum vegna þess.“

Sálfræðingurinn kveður B hafa verið niðurdregna þegar hún skýrði frá atvikum og í upphafi hafi hún verið treg til þess að nefna einstaka líkamshluta en þegar hún hafi unnið bug á tregðu sinni hafi frásögn hennar af kynmökunum verið greið. Orðalagið „leyndó“ og „leynistaður“ sé komið frá stúlkunni sjálfri en orðin „typpi“ og „pía“ séu orð, sem þau hafi komið sér saman um að nota.

Þá skýrir sálfræðingurinn frá því, að drengurinn hafi í fjórða sinnið, sem þeir hittust, sjálfur farið að segja frá athæfi föðurins gagnvart honum og hafi frásögn drengsins verið greið. Hafi drengurinn sagt áður en hann hóf frásögnina að móðir hans yrði „brjáluð“ ef hún vissi hvað faðirinn gerði.

Vitnið kveður frásögu barnanna hafa verið afar trúverðuga og telur útilokað að þau geti spunnið upp sögu um þær kynferðisathafnir sem þau lýstu. Vitnið kveðst hafa reynt af því að ræða við börn undir þessum kringumstæðum og hafa gætt þess að hafa aldrei áhrif á frásögu þeirra.

Lögregluskýrsla var tekin af B 18. október í fyrra í skrifstofu Félags-

málastofnunar Reykjavíkurborgar. Gerði það Dóra Hlín Ingólfssdóttir rannsóknarlögreglumaður að viðstaddri Helgu Jóhannesdóttur, fulltrúa Félagsmálastofnunar. Skýrslan hljóðar svo:

„B er spurð um hvort pabbi hennar hafi meitt hana og hún þá beðin um að lýsa því hvað hann hafi gert við hana. Hún verður niðurlát, skömmustuleg og döpur en gefur greinargóða frásögn.

Hún heldur að hún hafi verið 6 ára þegar hann gerði þetta fyrst. Hann hafi komið upp í herbergið hennar, læst því, tekið niður um hana buxurnar og nuddað beru typpinu á læri hennar. Hann hafi þá látið hana leggjast í rúmið, á hliðina og snúa að honum en hann hafi verið á gólfinu og kropið.

Hann hafi gert eins aftur en þá hafi honum fundist betra að vera í rúminu líka. Hún mundi ekki hvenær þetta var en hún hafi líka verið sex ára. Hann hafi gert alveg eins. Pabbi hennar hafi sagt að herbergið hennar væri leyndostaðurinn þeirra og að enginn mætti vita þetta.

B sagði að mamma hennar og systkini hafi verið heima í þessi bæði skipti en þá hafi líklega verið helgi. Þau hafi þá öll verið niðri. Herbergi hennar sé uppi.

B segir svo að á laugardegi, fyrir tveimur vikum, hafi pabbi hennar komið upp í herbergi hennar og læst því. Hún hafi þá verið að leika sér með barbíúkkur. Hann hafi sagt henni að hún ætti að leggja sig og tekið niðrum hana og lagt hana í rúmið, á hliðina. Hann hafi síðan farið að nudda typpinu í hana og látið það inn í pissið hennar. Hún hafi fundið mikið til og sagt honum það en hann hafi sagt að það gerði ekkert til, það myndi lagast.

Hún sagði að það hafi komið svolítið blóð úr henni en eitthvað gult á læri hennar og hafi pabbi hennar þurrkað það í burtu. Seinna hafi svo komið blóð í nærbuxurnar hennar. Hún hafi látið þær í óhreina tauið en mamma hennar hafi spurt hana af hverju blóð væri í nærbuxunum hennar. B sagðist ekki hafa þorað að segja af hverju og sagt mömmu sinni að hún vissi það ekki. Mamma hennar hafi þá sagt að hún þvægi þetta bara.

B segir að eftir þetta hafi pabbi hennar nokkrum sinnum komið heim er hún var ein heima en það sé stundum þegar hún sé komin heim úr skólanum og sex ára bróðir hennar farinn út að leika sér. Þá hafi pabbi hennar reynt að gera þetta þegar þau voru ein en hún hafi hlaupið út og til vinkonu sinnar. Pabbi hennar hafi þá orðið reiður og kallað til hennar að koma en hún hafi samt hlaupið.“

Sama dag var tekin skýrsla af C. Dóra Hlín rannsóknarlögreglumaður ritaði skýrsluna en Helga Jóhannesdóttir var viðstödd. Hljóðar skýrslan svo:

„C er skrafhreyfinn en er hann er spurður um hvort pabbi hans hafi

gert eitthvað við hann verður hann dapur og stynur en með aðstoð Helgu fæst hann til að skýra hvað þetta sé sem pabbi hans hafi gert.

Hann segist eiga sér herbergi en ekki sofa þar heldur upp í rúmi hjá mömmu og pabba. Herbergi hans sé uppi við hliðina á herbergi systur hans B.

C segir að pabbi hafi oft gert þetta við hann og fyrst er hann var fimm ára gamall. Hann hafi alltaf gert þetta í rúminu, þegar þeir væru að fara að sofa en einu sinni inni á klósetti. C segist ekki hafa mátt segja neinum frá þessu því pabbi hans hafi bannað honum það.

C segir að pabbi hans láti typpið á milli læra hans og þá sé það stórt og það komi klístur úr því. Hann segist ekki hafa séð klístrið en fundið fyrir því og það sé heitt. Pabbi hans geri þetta á kvöldin og sofni á eftir en C segist ekki sofna strax á eftir. Hann segist alls ekki þora að segja mömmu frá þessu og engum nema Aðalsteini sálfræðingi og Helgu. Aðspurður segir hann að pabbi hans liggji ekki ofan á honum, þegar hann nuddi typpinu milli læra hans, heldur liggji á móti honum, á hlið.

C segir að pabbi hans hafi einu sinni gert þetta inni á klósetti og þá hafi þeir verið einir heima. Pabbi hans hafi læst baðinu og farið með hendurnar niður í buxur hans og fíktað lengi í typpinu hans (C). Þetta hafi verið ægilega vont en hann hafi ekki þorað að biðja pabba um að hætta því hann hafi verið svo hræddur. Pabbi hans hafi ekki verið búinn að klæða sig, þegar þetta var en það hafi verið morgunn. C segist hafa verið búinn að klæða sig en pabbi hans hafi sett hendina niður í buxur hans og tekið í typpið hans.

Eftir þetta segist C hafa falið lykilinn að klósettinu svo pabbi hans gæti ekki gert þetta aftur en einhver hafi fundið hann einhverntímann þegar hann var úti að leika sér.

C segist ekki vita hvað pabbi hans hafi oft gert svona við hann en það sé oft í rúminu. Þá bæði fíkti hann í typpi C og nuddi typpinu milli læra hans og þá sé það stórt. C segir að pabbi hans sofi ber en ekki í nærbuxum. C segist sofa í nærbuxum og bol.

Aðspurður segist C ekki vita hvort pabbi hans hafi gert þetta við einhverja fleiri en hann.“

Rannsóknarlögreglumaðurinn hefur komið fyrir dóminn og kannast við skýrslurnar. B hafði, þegar skýrslutakan átti sér stað, verið hjá Félagsmálastofnun nokkurt skeið og virtist vera orðin von því umhverfi og virtist vera í góðu jafnvægi. Vitnið hafi byrjað að ræða við barnið um daginn og veginn og hafi það gengið ágætlega. Þegar vitnið spurði barnið út í samband þess og föður þess, virtist það valda barninu sársauka. Frásögn barnsins var ekki hnökralaus, þar sem barnið virtist veigra sér við að nefna ákveðna líkamshluta og sárustu atvikin, að því er vitninu fannst, en sagt þó frá þessu

þegar vitnið gekk betur á hana. Orðalagið í skýrslunni sé að nokkru leyti frá barninu komið, svo sem orðin „typpi“, „leyndóstaður“ og „pissið“.

Skýrslutakan af C hafi farið fram með svipuðum hætti og hjá systur hans, fyrst með almennu spjalli, en svo kveðst vitnið hafa sveigt talið að föður barnsins og spurt hvort faðirinn hefði gert eitthvað á hluta hans. Drengurinn hafi játað því, en í frásögn sinni hafi hann stundum kveinkað sér við að lýsa einstökum líkamshlutum og atvikum, sem virtust fá mikið á hann og kveðst vitnið þá hafa þurft að spyrja drenginn meira út úr. Vitnið kveður orðalagið í skýrslunni að nokkru leyti frá drengnum komið, svo sem eins og „typpi“, „klístur“ og „nudda typpinu milli læra“ og „að fíkta í typpi“ barnsins. Vitnið kveðst hafa spurt drenginn að því hvernig „typpi“ föður hans hafi verið og hafi þá drengurinn svarað: „Stórt“.

Vann rannsóknarlögreglumaðurinn heit að framburði sínum.

Helga Jóhannesdóttir hefur komið fyrir dóminn. Í heitfestum framburði sínum hefur hún skýrt frá því að í október í fyrra, þegar mál þetta kom upp, hafi þau B og C verið vistuð á vegum Félagsmálastofnunar á Vistheimili barna á Dalbraut. Kveðst vitnið hafa haft sérstaklega með þau að gera. Skýrslurnar af börnunum hafi verið teknar á skrifstofu vitnisins í Síðumúla. Vitnið kveðst þá hafa verið búin að umgangast börnin daglega í u.þ.b. hálfan mánuð og verið búin að kynnast þeim allvel. Börnin séu að upplagi opinská, en þegar þau skýrðu vitninu smám saman frá atvikum á þessum tíma bar nokkuð á blygðun hjá börnunum og að þau teldu þetta leyndarmál þeirra og föður þeirra. Þessa hafi einnig gætt við skýrslutökuna 18. október 1986 og jafnvel enn frekar þá því börnin þekktu ekki lögreglukonuna Dóru Hlín Ingólfsdóttur.

Kveður vitnið skýrslurnar barnanna vera rétt skráðar eftir þeim. Telur vitnið aðspurt að orðið „leyndóstaður“ sé frá B komið en „pissið“ telur vitnið að sé orðalag rannsóknarlögreglukonunnar. Þá segir vitnið að orðið „klístur“ hafi C komið með sjálfur. Vitnið kveðst líta svo á að börnin hafi skýrt frá eigin reynslu og að frásögn þeirra sé trúverðug.

Vitnið kveðst hafa haft það á tilfinningunni að C litli hafi nýlega orðið fyrir kynferðislegum athöfnum, en erfitt sé að fá börn til að tímasetja atburði nákvæmlega og hafi það átt við þau bæði systkinin.

Vitnið kveður ákærða hafa skýrt sér frá því að börnin hafi komist í klámrit á heimilinu og kveðst vitnið hafa í framhaldi af því spurt börnin út í það en börnin hafi ekki kannast við þetta. Hafi vitnið farið á heimili barnanna í ... og ekki séð nein merki um klámrit og yfir höfuð ekkert sem sérstaka athygli vakti.

Þóra Fischer kvensjúkdómalæknir skoðaði B 3. október í fyrra. Í vottorði hennar segir orðrétt:

„Vulvasvæðið er fyrst inspecierað. Eru þar engin merki um áverka.

Kynþroski er svarandi til aldurs, clitoris nokkuð áberandi, sem þarf ekki að hafa neina þýðingu. Hymen er greinilega rofið, mælist 1x1 cm, er gapandi og sjást greinilegar rupturur að mati undirritaðrar, um „kl. 11 og 1.“ Vagina og portio eðlil. Tekin eru stök fyrir GK, chlamydia og candida ræktanir. Að lokum er palp. rectalt. Finnst eðlil. lítill uterus og frítt til hliða.

Niðurstaða. Hymen ruptata. A.ö.l. eðlil. gynaecologisk skoðun.“

Læknirinn kom hér fyrir dóminn og lýsti því að hún teldi útilokað að meyarhaft barnsins B hafi rifnað í leikfimisæfingum eða venjulegum athöfnum barns, heldur hafi þurft til utanaðkomandi hlut sem færi í gegnum meyarhaftið og sagði vitnið að það gæti hugsanlega hafa verið getnaðarlimur fullvaxins karlmanns, án þess að útiloka aðra hluti jafnframt. Allmikil fyrirstaða sé þegar límur karlmanns er færður inn í kynfæri svo lítills barns og hljóti það að valda barninu miklum sársauka og líklega talsverðum blæðingum sem líklegast hefðu þá sést í nærbuxum barnsins. Vitnið tók fram að áverkarnir hafi ekki verið ferskir og a.m.k. nokkurra vikna gamlir.

Í tilefni af frásögn C litla af salernislyklinum var gerð athugun á salernis-læsingunni í ... Leiddi hún í ljós að dyrunum er læst með smellu- eða takkalás en ekki lykli. Aftur á móti fylgir slíkum læsingum einfaldur neyðarlykill til þess að opna með.

Þegar virtur er einkar trúverðugur framburður B um sakarefnið í II. kafla ákærunnar og það að ákærði hefur orðið sannur að sams konar athæfi gagnvart A, verður að telja að sterkar líkur séu til þess að stúlkan segi satt. Gegn eindreginni neitun ákærða og þar sem ekki nýtur við annarra sönnunargagna þykir þó ekki komin fram nægileg sönnun til þess að unnt sé að sakfella ákærða og ber samkvæmt því að sýkna hann af II. kafla ákærunnar.

Framburður B um sakarefnið í III. kafla ákærunnar er afar trúverðugur og hefur stoð af vottorði og framburði Þóru Fischer kvensjúkdómalæknis og því að ákærði hefur orðið uppvís að kynferðisbrotum gagnvart systur hennar. Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því að hafa átt nokkur mök við barnið. Telja verður að svo sterkar líkur séu til þess að barnið segi satt að stappi nærri fullri sönnun. Gegn eindreginni neitun ákærða þykir þó ekki óhætt að telja brot þetta sannað á hann. Er á það að líta að hér er um að ræða framburð ungs barns, að hún segir atvikið hafa átt sér stað 4. október 1986, sem ekki getur staðist, að á þessum tíma var mikið fjallað opinberlega um mál af þessu tagi, sem gæti hafa orkað á framburð barnsins, og að ekki er heldur hægt að útiloka að barnið hafi frétt af reynslu A og orðið fyrir áhrifum af henni. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af III. kafla ákærunnar.

Enda þótt skýrsla drengsins C sé um sumt trúverðug þykir ekki gegn

neitun ákærða unnt að byggja á henni og ber að sýkna ákærða af IV. kafla ákærunnar.

Ákærði og fyrrverandi eiginkona hans, vitnið Y, hafa bæði borið að barnaverndaryfirvöld hafi þvingað þau hjónin til þess að skilja þar sem börnin yrðu annars tekin af þeim. Með hliðsjón af þessu þótti rétt að Y nyti undanþágu frá vitnaskyldu samkvæmt 89. gr. laga um meðferð opinberra mála.

*Viðurlög o.fl.*

Ákærði er sakhæfur að álitum Hannesar Péturssonar yfirlæknis. Hann hefur einu sinni, 1965, hlotið sekt fyrir ökuhraða.

Brot ákærða er óvenjulega stórfellt og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. október til 31. október 1986.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 50.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur. Eru launin tildæmd án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 4 ár. Frá refsingunni dragist 15 daga gæsluvarðhaldsvist í október 1986.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.